

Rammasamningur

milli Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna og Menntamálastofnunar

Gildir frá 16.01.2023

FORMÁLI

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, kt. 520485-0749 og Menntamálastofnun, kt. 570815-0320, hafa komið sér saman um samning þennan um kjör námsefnishöfunda sem starfa fyrir stofnunina á grundvelli verkefnaráðningar. Upphæðir samningsins eru uppfærðar 1. ágúst ár hvert miðað við verðlagsvísitölu.

Meginmarkmið þessa samnings eru að:

1. Stuðla að þróun á sviði námsefnisgerðar og faglegra vinnubragða.
2. Skýra viðmið um kjör námsefnishöfunda.
3. Festa í sessi samskipti höfunda og Menntamálastofnunar og stuðla að skipulegri vinnutilhögun.

Samningur þessi byggist á samkomulagi milli Hagþenkis og Menntamálastofnunar og skal birtur á heimasíðum beggja aðila. Við gerð samninga sem byggja á þessum rammasamningi skulu ritstjórar Menntamálastofnunar kynna höfundum samning þennan.

I. KAFLI
GREIÐSLUR TIL HÖFUNDA OG GRUNNVIÐMIÐ

1. gr.

Greiðslur til höfunda námsefnis

Menntamálastofnun, sem útgefandi námsefnis og verkkaupi, greiðir höfundalaun samkvæmt höfundasamningi Menntamálastofnunar við einstaka höfunda og verklýsingum sem fylgja skal hverjum gerðum samningi.

Samið er um verktakagreiðslur. Greiðsla fyrir hverja ör (16 bls.) af frumsömdu efni með 1800 letureiningum er ákveðin 469.350 kr. Greiðsla fyrir hverja ör af söfnuðu og staðfærðu efni með 1800 letureiningum er ákveðin 182.525 kr. Greiðsla fyrir þýðingar tekur mið af taxta Rithöfundasambands Íslands varðandi þýðingar á námsefni. Upphæðir taka breytingum samkvæmt verðlagsvísitölu miðað við 1. ágúst ár hvert.

2. gr.

Grunnviðmið

Í öllum tilvikum þegar gerðir eru höfundasamningar skv. 1. gr. þessa samnings er um að ræða grunnviðmið greiðslna sem koma til hækkunar eða lækkunar eftir því sem verklýsing gefur tilefni til í samráði við höfund og ritstjóra hverju sinni.

Lækkun kemur þó aðeins til framkvæmda ef aðrir en höfundar vinna einhverja þeirra verkþáttu sem nefndir eru í samningi eða verklýsingu, t.d. þegar um ræðir forföll höfunda.

Ef ákveðið hefur verið skv. verklýsingu í viðauka 2 að höfundur komi að uppsetningu og últli handrits skal hann gera skýra grein fyrir hugmyndum sínum um myndefni og uppsetningu við afhendingu handrits og er þá uppsetning og útlit unnið í samráði útgefanda við höfund. Myndefni sem samið er með hliðsjón af hugmyndum höfundar og miðlar upplýsingum til jafns við texta skal jafngilt öðrum texta. Myndlýsingar eru ef það kemur fram í verklýsingu hluti af þeim 1800 letureiningum sem höfundur fær greitt fyrir.

Á samningstíma telst eðlilegt að höfundur fundi nokkuð reglulega með ritstjóra. Miðað skal við fjóra klukkutíma langa fundi fyrir hverja ör af efni án þess að til komi sérstök greiðsla.

3. gr.

Flokkar höfundaverka

Grunnviðmið gildir um öll útgáfuform þ.e. sama grunnviðmið er í gildi hvort sem verk er gefið út sem prentað efni, stafrænt efni á vef stofnunarinnar eða með öðrum hætti í samræmi við verklýsingu. Ef birtingarform efnis eru fleiri en eitt skal greitt fyrir það sérstaklega, sjá 4. gr. þessa samnings.

Allt námsefni á að vera í samræmi við gildandi lög og námskrá á hverjum tíma og taka mið af gátlista Menntamálastofnunar.

Verklýsing fylgir hverjum samningi og ber að vera eins nákvæm og unnt er, byggð á viðauka 2 við samning þennan. Samningsaðilar þurfa að fara yfir hana í sameiningu og samþykkja þarf verklýsingum áður en samningur er undirritaður.



Handrit geta fallið undir fleiri en einn flokk og getur það haft áhrif þegar verk og höfundalaun eru metin til greiðslu. Flokkar námsefnis eru eftirfarandi:

1. flokkur – Frumsamið efni
2. flokkur – Safnað og staðfært efni
3. flokkur – Þýtt efni og staðfært

II. KAFLI ÚTGÁFURÉTTUR OG HÖFUNDASAMNINGAR

4. gr.

Útgáfuréttur og útgáfuform

Útgefanda er heimilt að gefa efnið út á mismunandi formi s.s. á vef, sem prentað efni, hljóðefni eða á öðru því formi sem samið er um í verklýsingu. Fyrir eina birtingu er greitt samkvæmt samningi óháð birtingarformi þ.e. óháð því hvort um er að ræða prentaða bók, rafbók, vefefni eða annað. Fyrir aðra birtingu bætast við 9% af upphaflegri upphæð samnings þannig að heildargreiðsla verður 109%. Fyrir þriðju birtingu bætast 8% af upphaflegri upphæð samnings og verður þá heildargreiðsla 117%.

Eftir að greitt hefur verið fyrir þrjár birtingar er ekki um frekari greiðslur að ræða og útgefanda heimilt að birta efnið líkt og um er samið í verklýsingu. Eftir sem áður skal gerður endurútgáfusamningur að samningstíma liðnum standi til að halda útgáfu áfram og skal greitt fyrir slíkan samning samkvæmt því sem kveðið er á um í 7. gr. þessa samnings.

5. gr.

Höfundasamningar og verklýsingar

Hverjum höfundasamningi fylgir verklýsing sem er fylgiskjal með samningi og telst vera hluti hans. Verklýsing skal gerð áður en hafist er handa við samningu námsefnis og gerð útgáfusamnings. Höfundur og útgefandi skulu fara sameiginlega yfir verklýsinguna og samþykkja alla verkþætti hennar fyrir undirritun.

Í verklýsingu er gerð nákvæm grein fyrir einstökum þáttum verksins, eðli þess og umfangi. Gerð er áætlun um vinnu við einstaka þætti verksins, s.s. ritun texta, val eða gerð myndefnis, frágang handrits, faglegan yfirlestur, prófarkalestur, samráð við ritstjóra og annað er máli kann að skipta. Útgefanda er þó alltaf heimilt að aðlaga efni að nemendum sem glíma við sjón- og heyrnarskerðingar s.s. með stækkun leturs eða táknmálstúlkun.

Höfundi ber að halda sig innan verklýsingar varðandi efnistök og lengd handrits. Telji höfundur þörf á að gera breytingar þar á skal hann afla samþykkis ritstjóra áður en lagt er í þá vinnu. Höfundi er ávallt skylt að leita samþykkis og staðfestingar hjá fulltrúa Menntamálastofnunar fyrir greiðslukröfum umfram áætlun í verklýsingu. Höfundur skal jafnframt gera ritstjóra grein fyrir framgangi verksins í samræmi við tilmæli í verklýsingu áður en áfangagreiðslur fara fram þar sem það á við,



Séu höfundar verks fleiri en einn skal í verklýsingu kveðið á um verkaskiptingu þeirra á milli sem og hvernig greiðslur skiptast á milli höfunda.

6. gr.

Kröfur til höfunda um frágang efnis

Höfundur skal skila fullbúnum texta með vönduðu málfari, málsmiði við hæfi og fara að opinberum reglum um stafsetningu og greinarmerki. Efni skal skilað í samræmi við gálista Menntamálastofnunar og verklýsingu. Í verklýsingu skal tekið fram hvort og þá með hvaða hætti höfundur kemur að vali á myndefni eða frekari framsetningu efnis.

7. gr.

Forkaupsréttur og endurútgáfa

Menntamálastofnun hefur forkaupsrétt að verki þegar höfundasamningur fellur úr gildi. Stofnunin skal hafa frumkvæði að viðræðum ef um endurútgáfu verður að ræða. Þá gera samningsaðilar endurútgáfusamning um áframhaldandi útgáfu þar sem m.a. er kveðið á um útgáfuform, þær breytingar sem æskilegt þykir að gera á verkinu og greiðslur.

Séu gerðar breytingar á efni hvort sem er við endurútgáfu efnis eða á samningstíma skal höfundi greitt sérstaklega fyrir vinnuframlag vegna slíkra breytinga.

Við endurútgáfu skal miða við útgáfudag efnis.

Verði samkomulag um að útgefandi kaipi útgáfuréttinn að verkinu óbreyttu eftir tíu ár skulu greiðslur vera sem hér segir: Fyrir fyrstu fjögur ár í endurútgáfu greiðast 7,5% af upphaflegri greiðslu árlega, 5% árlega fyrir næstu tvö ár, 2,5% árlega fyrir næstu níu ár, fyrir hvert ár í endurútgáfu umfram þau 15 sem þegar hafa verið talin greiðast 1,5% af upphaflegri greiðslu árlega. Greiðslur vegna endurútgáfu skulu taka mið af verðlagsvísitölutengdum breytingum og greiðast því á þeim taxta sem í gildi er þegar samkomulag um endurútgáfu er undirritað.

Fyrir 11 – 14 ár	7,5% hvert ár
Fyrir 15 – 16 ár	5,0% hvert ár
Fyrir 17 – 25 ár	2,5% hvert ár
Fyrir umfram 25 ár	1,5% hvert ár

Náist ekki samkomulag um endurútgáfu eða endurskoðun verksins að samningstíma liðnum er útgefanda heimilt að nota verkið óbreytt í tvö ár eftir að samningstíma lýkur gegn þóknun til höfundar sem nemur samtals 15% af því sem upphaflega var greitt fyrir verkið að teknu tilliti til vísitölutengdra breytinga.

Menntamálastofnun hefur ekki heimild til að dreifa efni eftir að samningstíma lýkur án samráðs við höfund og með samþykki hans. Hyggist stofnunin dreifa prentuðu efni meðan birgðir endast ber henni að upplýsa höfund um hvenær það var síðast prentað og hver birgðastaðan er við lok samnings.

Lok útgáfuréttar gildir jafnt um efni sem er í prentuðu formi sem og vefefni sem er aðgengilegt á vef útgefanda. Menntamálastofnun ber að tilkynna höfundi þegar og ef námsefni er tekið af úthlutunarlista eða af vef stofnunarinnar á samningstíma.

**8. gr.
Endurbirting**

Menntamálastofnun er heimilt að birta efni úr ritum sem áður hafa verið gefin út á hennar vegum. Stofnuninni er skyldt að fá leyfi höfundar til að birta eftir hann efni og sýna höfundi af því eina próförk ef þess er óskað. Höfundur skal jafnan fá eintak af bók þar sem birt er efni eftir hann.

Um þóknun fyrir umrædd afnot skal samið hverju sinni (sjá þó II. kafla höfundalaga nr. 73/1972).

**III. KAFLI
TÚLKUN, GILDISTÍMI OG UPPSÖGN SAMNINGS**

**9. gr.
Túlkun samnings**

Höfundalög nr. 73/1972 gilda til fyllingar á samningi þessum og réttarsambandi aðila.

**10. gr.
Vanefndir samnings**

Telji annar hvor aðili samningsins að hinn aðilinn hafi vanrækt samninginn skal beina skriflegri áskorun til gagnaðila um að bæta úr vanefndinni, skv. 17. gr. höfundasamnings.


**11. gr.
Gildistími og uppsögn samnings**

Ramma samningur þessi gildir til tveggja ára. Hafi samningnum ekki verið sagt upp formlega með þriggja mánaða fyrirvara framlengist hann til árs/um eitt ár í senn.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og varðveitir hvor aðili fyrir sig sitt eintak af samningi.

Kópavogi, 9. janúar 2023


F.h. Menntamálastofnunar
Þórdís Jóna Sigurðardóttir,
forstjóri


F.h. Hagþenkus, félags höfunda fræðirita og
kennslugagna
Gunnar Þór Bjarnason,
formaður